

af öðrum ástæðum, þá ber að staðfesta að öllu leyti hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn hinn 27. aprílmánaðar.

Nr. 35/1890: Beneficiarius Presthólastaðar
síra Halldór Bjarnarson
gegn
Halldóri Sigurðssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu hefur áfrýjandinn, presturinn að Presthólum, síra Halldór Bjarnarson, lögsótt stefnda, ábúanda á jörðinni Einarsstöðum, Halldór Sigurðsson, fyrir að hafa heimildarlaust hirt og hagnýtt sjer, frá því haustið 1884 til 1. marz 1887, þegar mál þetta var kært fyrir sáttanefnd, meiri eða minni hluta þess molviðar, sem hafi borið upp á svonefndan Magnavíkurreka, svo og blöðrusel, er rekið hafi á sama reka í júlímánuði 1886. Var málið dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 24. okt. 1888 á þá leið, að stefndi var sýknaður fyrir kærnum og kröfum áfrýjanda, og kostnaður málsins, sem var sótt með gjafsókn, skyldi greiddur úr opinberum sjóði, þar á meðal laun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans, cand. phil. Skapta Jósefssonar, 50 kr.

Dómi þessum hefur, að fenginni gjafsókn til handa

prestinum að Presthólum og samkvæmt uppreistarleyfi, dags. 29. okt. f. á., verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. nóv. f. á., og hefur hinn skipaði talsmaður áfrýjandans hjer fyrir rjettinum gjört þá kröfu, að nefndum dómi verði breytt svo, að stefndi verði sektaður fyrir hina átöldu óheimildartöku á molvið og blöðrusel og dæmdur til að greiða áfrýjanda skadabætur fyrir hana eptir óvilhallra manna mati, svo og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda. Hinn stefndi hefur ekki mætt nje látið mæta fyrir sig fyrir yfirdóm-inum.

Magnavíkurreki, sá er að framan er nefndur, nær, eptir því sem fram er komið í máli þessu, frá Grjótgarði á Saltnesi að norðan og suður að Valþjófsstaðaá, og liggur nyrðri hluti hans, að Goðhússteini, fyrir Presthóla landi, en syðri hlutinn, frá Goðhússteini og að Valþjófsstaðaá, að óskiptu landi Einarsstaða, ábýlisjarðar stefnda, og Valþjófsstaða, og á þennan síðarnefnda hluta Magnavíkurrekans virðist hinn umstefnda molvið og blöðrusel að hafa rekið, enda byggir stefndi rjett sinn til að hirða smáreka þenna á því, að hann sje landgögn eða leiguliðanot, er fylgi ábýlisjörðu hans samkvæmt Jónsbókar rekabálki og lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. jan. 1884, en hann viðurkennir aptur á móti, að allur reki hvala og stórviða heyrir Presthólakirkju til.

Áfrýjandi byggir tilkall sitt til rekans á hinu umrædda svæði á hinum löggilta máldaga Pjeturs biskups og dómi Jóns Benediktssonar sýslumanns, 4. og 5. maí 1746, þar sem segir, að Presthólakirkja eigi »allan reka

millum Valþjófsstaðaár og Grjótgarðs á Saltnesi, bæði hvala og víðar, svo og á lögfestu síra Stefáns Þorleifssonar á Presthólum frá 1751, margþinglesinni, þar sem lögfest er undir Presthóla þallur reki ítölulaus til hvala og víða og allra landgagna frá Valþjófsstaðaá til Grjótgarðs á Saltnesi. Ennfremur hefur áfrýjandi til stuðnings kröfu sinni framlagt nokkur vottorð, er síðan hafa verið staðfest fyrir rjetti, um notkun hins umþrætta smáreka eða landgagns frá Presthólum.

Á nýnefndum vottorðum verður þó eigi byggt stöðugt hefðarhald á hinu umþrætta landgagni af hálfu Presthóla kirkju eða staðar, því síður sem stefndi hefur einnig framfært nokkur vitni, er hafa sannað notkun hins umþrætta smáreka frá Einarstöðum eða Valþjófsstöðum, sem, eins og áður er frá skýrt, eiga óskipt land saman að rekanum. Ekki verður heldur á lögfestu síra Stefáns Þorleifssonar út af fyrir sig byggður rjettur áfrýjanda til landgagna, þó þau sjeu þar berum orðum framtekin, því að lögfestan er að eins einhliða yfirlýsing umráðamanns Presthóla um, hvað hann áleit heyra þeim til eða vildi telja til þeirra. Aðalheimildarskjöl áfrýjanda eru því máldagi Pjeturs biskups og framanefndur dómur Jóns Benediktssonar, en það virðist eigi koma í bága við orðin í þeim skjölum: þallur reki, bæði víðar og hvala, þó að landeiganda (Einarstaða) eða í hans stað leiguliða (hinum stefnda), samkv. hinni almennu reglu í Jónsb. rekabálki, 2. kap., um rjettindi rekamanns og landeiganda sín á milli, þar sem reki er eigi frekara einskorðaður, sbr. og Jónsb. landsleigub., 7. kap., sje álitinn bera rjettur til landgagna þeirra, er um ræðir í máli þessu, enda styrkist og þessi skilningur á nefndum orðum við það, að síðar í Pjetursmál-

daga Presthólakirkju er tekið fram berum orðum, að kirkjan eigi »landgagn frá steini í Harðbaks möl og til óss fyrir vestan Eyri«, og hefði því mátt búast við, að »landgagn« hefði verið nefnt fyrir Einarstaða landi, ef kirkjan hefði átt það, eins og einnig síra Stefán Þorleifssyni í lögfestu sinni, er áður var getið, hefur þótt ástæða til að geta þess berum orðum. Þar sem nú það er aðalregla laganna samkv. Jónsb. rekab., 1. kap., að hver maður á reka allan fyrir landi sínu, nema með lögum sje frá kominn, en áfrýjandi hefur ekki fært óbyggjandi sönnur á, að rekarjettur hans nái einnig yfir landgögn — en til þeirra verður að teljast molviðurur sá og blöðruselur, er mál þetta er höfðað út af —, þá verður að álíta, að stefndi hafi eigi í heimildarleysi hirt hinn umgetna molvið og blöðrusel, eða verði fyrir það dæmdur til skaðabóta eða sekta, og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm að því leyti. Sömu leiðis ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður og hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda verða eigi eptir úrslitum málsins dæmd nein málflutningslaun.

Rekstur málsins í hjerði, þar er sækjandi hafði gjafsókn, hefur verið vítalaus og málsfærslan af hendi hins skipaða sækjanda við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi aukarjettardómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.